

FERÐAMÁLARÁÐ VESTURLANDS

- ráðgefandi stýrihópur Áfangastaða- og Markaðssviðs SSV-

- STARFSREGLUR-

1. gr.

Ferðamálaráð Vesturlands er skipað fulltrúum ferðaþjónustunnar og sveitarfélaga á Vesturlandi. Ráðið er til ráðgjafar um stefnumótun og áætlanagerð varðandi starfsemi Áfangastaða- & Markaðssviðs SSV (Á&M) þar sem unnið er að áhersluverkefnum Áfangastaðastofu Vesturlands (ÁSV) og Markaðsstofu Vesturlands (MSV).

Hlutverk Ferðamálaráðs Vesturlands er að vinna að stefnumótun fyrir uppbyggingu ferðamála, kynningar- og markaðsstarf á Vesturlandi. Ávallt skal sú vinna taka mið af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar auk væntinga og þarfa atvinnugreinarinnar, samfélagsins, stjórnvalda og gesta á hverjum tíma. Ferðamálaráð skal taka mið af stefnumótun og hafa Áfangastaðaáætlun Vesturlands að leiðarljósi í sinni vinnu.

2. gr.

Ferðamálaráð Vesturlands(FMRV) skal hafa yfirsýn yfir fjölbætt eðli ferðaþjónustunnar og hvaða áherslur eru efst á baugi varðandi uppbyggingu innviða, gestamóttöku og markhópa bæði innlenda og erlenda.

FMRV á að stuðla að auknu samtali, upplýsingagjöf og skilningi milli greinarinnar, stjórnvalda og stoðþjónustu, svo ná megi skilgreindum markmiðum langtímastefnumótunar um framtíðarþróun ferðamála á Vesturlandi.

Ferðamálaráð Vesturlands og starfsfólk ÁSV/MSV skal vinna að eflingu ferðamála á Vesturlandi. Með áherslu á eflingu og gæði innviða, vöruþróunar og gestamóttöku. En einnig stuðla að aukinni og vandaðri kynningu, markaðssetningu og uppbyggingu á jákvæðri ímynd fyrir áfangastaðinn Vesturland og það sem þar er í boði.

3. gr.

Markmiðum sínum í uppbyggingu áfangastaðarins Vesturlands leitast FMRV og starfsmenn ÁSV/MSV við að ná með því að móta stefnu um framtíðarsýn, markmið og áherslur í uppbyggingu og gæðum ferðamála á Vesturlandi, sem settar eru fram í Áfangastaðaáætlun Vesturlands sem gildir til þriggja ára í senn.

Ferðamálaráð leggur einnig línurnar varðandi stefnumótun og áherslur í markaðssetningu og kynningu á áfangastaðnum Vesturlandi á hverjum tíma.

Ferðamálaráð í samstarfi við starfsfólk ÁSV & MSV leggur svo fram stefnumótun og áhersluverkefni í starfsáætlun fyrir Á&M fyrir hvert ár, sem byggir á stefnu stjórnvalda í ferðamálum, Áfangastaðaáætlun Vesturlands, markaðsáætlun og aðstæðum á hverjum tíma. Leggja skal áherslu á samráð í þessari vinnu við hagaðila ferðamála og aðra aðila sem vinna að slíkum málum á Vesturlandi.

4. gr.

Ferðamálaráð Vesturlands er skipað 10 fulltrúum + formanni sem jafnframt er stjórnarformaður MSV og framkvæmdastjóri SSV.

Reynt er að gæta jafnræðis milli svæða og þjónustugreina við val á fulltrúum í FMRV.

-STARFSREGLUR -

Í Ferðamálaráði Vesturlands sitja 4 fulltrúar sveitarfélaganna, þ.e. einn fulltrúi frá hverju svæði, og 6 fulltrúar þjónustuaðila sem eru með samstarfsaðilasamning við MSV.

- Fulltrúar sveitarfélaganna skulu valdir úr hópi fólks sem vinnur að ferðamálum og gestamóttöku hjá sveitarfélögum – helst úr hópi áfangastaðfulltrúa
- Fulltrúar þjónustuaðila skulu valdir með tilliti til eftirfarandi hópa samstarfsaðila MSV:
 - Gistiaðilar – allar gerðir gistingar
 - Veitingaaðilar – allar gerðir veitinga
 - Menning – söfn, setur og sýningar
 - Upplifun og dægradvöl – afþreyingarþjónusta
 - Upplýsingar, ferðaskipulag og leiðsögn – gestastofur, upplýsingagjöf og sögufylgd
 - Skapandi greinar, framleiðsla og sala - listasetur, smásala og vinnustofur

5. gr.

Sveitarfélögin á viðkomandi svæði koma sér saman um skipan fulltrúa sveitarfélaganna á hverjum tíma.

- **Suðursvæðið** = Akranes, Hvalfjörður og Kjós skipa einn fulltrúa
- **Borgarfjörður** = Borgarbyggð og Skorradalur skipa einn fulltrúa
- **Snæfellsnes** = Eyja-og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Grundarfjörður og Snæfellsbær skipa einn fulltrúa
- **Dalirnir** = Dalabyggð skipar einn fulltrúa

Þjónustuaðilar sem eru með samstarfsaðilasamning við MSV geta boðið sig fram til setu í ráðinu og/eða tilnefnt aðra aðila sem eru samstarfsaðilar MSV.

Þá er tilgreint hjá hvaða fyrirtæki viðkomandi starfar, á hvaða svæði og í hvaða þjónustuflokki. Gengið er úr skugga um kjörgengi og vilja allra tilnefndra aðila til að sitja í ráðinu áður en nafn viðkomandi aðila er birt á framboðslista til kjörs í Ferðamálaráð á hverjum tíma.

Skráðir samstarfsaðilar MSV geta kosið fulltrúa ferðaþjónustunnar í Ferðamálaráð með rafrænum hætti. Eitt atkvæði fylgir hverri grunnskráningu hjá MSV.

6. gr.

Fulltrúar í Ferðamálaráð Vesturlands eru valdir til eins árs í senn. Skipan ráðsins fyrir hvert ár skal liggja fyrir á síðasta fundi líðandi árs og nýtt ráð skal taka við á fyrsta fundi á nýju ári.

Fulltrúar geta verið valdir til setu í ráðinu í tvö ár í röð – en skulu þá taka hlé í minnst eitt ár.

Ef aðili sem situr í Ferðamálaráði hættir störfum fyrir sveitarfélag eða við ferðaþjónustu á Vesturlandi – eða ef það fyrirtæki sem hann starfar fyrir er ekki í samstarfi við MSV – fellur umboð hans til setu í ráðinu niður.

Skal þá kalla inn í ráðið annan aðila frá viðkomandi svæði/sveitarfélögum, eða þann aðila sem kom næstur í atkvæðagreiðslu samstarfsaðila inn í ráðið – eftir því sem við á.

7. gr.

Ferðamálaráð Vesturlands fundar 4-6 sinnum á ári eftir þörfum. Fundur er í upphafi hvernar starfsannar-þ.e. í upphafi árs, í upphafi sumars og í upphafi hausts, - þar sem farið er yfir starfsemi líðandi starfsannar og lagðar línurnar fyrir næstu starfsönn.

-STARFSREGLUR -

Einnig er fundur í lok hvers árs þar sem farið er yfir helstu þætti varðandi ársskýrslu og starfsáætlun næsta árs. Áætlaðir fundardagar ráðsins eru settir upp í starfsáætlun hvers árs.

Hægt er að kalla saman 1-2 aukafundi á ári ef aðstæður eru þannig eða þurfa þykir. Stjórnarformaður eða meirihluti ráðsins þarf þá að óska sérstaklega eftir því.

Einnig getur fagstjóri Á&M og/eða stjórnarformaður sent út gögn vegna afmarkaðra mála og óskað eftir umsögn og/eða athugasemdum frá Ferðamálaráðsfulltrúum milli funda, eða haft samband við þá símleiðis ef sérstök ástæða er til eða þurfa þykir.

Fundir geta hvort heldur sem er verið netfundir, staðfundir eða vettvangsferðir, eftir því hvað hentar og vilji er til hverju sinni.

8. gr.

Fagstjóri ÁSV & MSV boðar fundi Ferðamálaráðs í samráði við stjórnarformann. Fagstjóri undirbýr einnig og situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann ber líka ábyrgð á að stefnumörkun og áherslum ráðsins sé haldið til haga og þeim fylgt eftir og komið í framkvæmd í starfsáætlunum Á&M.

Fagstjóri Á&M deilir út verkefnum til starfsfólks ÁSV/MSV, áfangastaðafulltrúa sveitarfélaganna, annarra hagaðila eða verktaka, eftir ástæðum og aðstöðu á hverjum tíma.

9. gr.

Fundur telst boðaður með réttmætum hætti, hafi allir fulltrúar í Ferðamálaráði verið boðaðir með tölvupósti og/eða rafrænu fundarboði með skriflegri dagskrá, með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar Ferðamálaráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri. Heimilt er að taka mál til meðferðar og afgreiðslu í Ferðamálaráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver fulltrúi í ráðinu óskar þess.

Fundur er marktækur ef boðun er samkvæmt þessum reglum og fimm fulltrúar í Ferðamálaráði eru mættir á fundinn. Ferðamálaráð getur ekki gert bindandi ályktun nema fundur sé samþykktur sem marktækur fundur.

10. gr.

Formaður Ferðamálaráðs Vesturlands stýrir fundum ráðsins.

Ferðamálaráð getur boðið utanaðkomandi aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Þeir sem sitja fundi FMRV skulu gæta fyllsta trúnaðar um einka- og/eða trúnaðarmál sem mögulega geta verið rædd á fundum ráðsins. Þagnarskylda helst þó viðkomandi aðili sitji ekki lengur í ráðinu.

11. gr.

Rita skal fundargerðir ráðsins í rafrænt skjal og vista það til geymslu á vefsvæði SSV.

Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, klukkan hvað hann hefst og hvenær honum er slitið. Hverjir af Ferðamálaráðsfulltrúum sitja fundinn og geta gesta ef einhverjir eru.

Dagskrá fundarins skal listuð upp og skrá helstu punkta úr umræðum og niðurstöður þeirra við hvern dagskrárlíð.

Allar tillögur sem eru bornar formlega fram á fundinum skulu skráðar, svo og samþykktir og ályktanir.

-STARFSREGLUR -

Allir fulltrúar í Ferðamálaráði sem eru viðstaddir á viðkomandi fundi, skulu fá tækifæri til að lesa yfir og samþykkja fundargerðina áður en hún er vistuð sem lokaskjal.

Fundargerðir Ferðamálaráðs Vesturlands skulu lagðar fyrir stjórn SSV til kynningar.

12. gr.

Áfangastaðaáætlun og markaðsáætlun Vesturlands ásamt starfsáætlunum hvers árs fyrir ÁSV & MSV skulu lagðar fyrir stjórn SSV til staðfestingar.

Fundargerðir Ferðamálaráðs Vesturlands, sem og Áfangastaða og Markaðsáætlun Vesturlands ásamt starfsáætlunum hvers árs fyrir ÁSV & MSV skulu vera aðgengilegar á opnu vefsvæði SSV.

Samþykkt af stjórn Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi og Markaðsstofu Vesturlands

26.01.2022

Páll S. Brynjarsson

FULLTRÚAR Í FERÐAMÁLARÁÐ VESTURLANDS:
○ Eigendur Á&M / STJÓRNARFORMAÐUR FMRV = framkvæmdastjóri SSV
○ Suðursvæðið = Akranes, Hvalfjörður og Kjós
○ Borgarfjörður = Borgarbyggð og Skorradalur
○ Snæfellsnes = Eyja-og Mikl. Helgafellssv. Stykkish. Grundarfj. og Snæfellsb.
○ Dalirnir = Dalabyggð
○ Gistiaðilar = allar gerðir gistingar
○ Veitingaaðilar = allar gerðir veitinga
○ Menning = söfn, setur og sýningar
○ Upplifun og dægradvöl = afþreyingarþjónusta
○ Upplýsingar, ferðaskipulag og leiðsögn = gestastofur, upplýsingagjöf og sögufylgd
○ Skapandi greinar, framleiðsla og vörusala = listasetur, smásala og vinnustofur